

# Íslenski lífeyrissjóðurinn

---

Ársreikningur

---

**2010**

Íslenski lífeyrissjóðurinn  
Austurstræti 11  
101 Reykjavík  
Kt. 430990-2179

---

# Íslenski lífeyrissjóðurinn

---

Ársreikningur

---

2010

Þannig samþykkt á fundi, 27. apríl 2011

## Efnisyfirlit

Áritun endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-19
Sérgreind yfirlit deilda	20-22
Fjárfestingarstefna 2011	23-26

---

# Áritun óháðra endurskoðenda

---

## Til stjórnar og sjóðfélaga í Íslenska lífeyrissjóðnum ehf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og settar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum síðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2010, efnahag hans 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög og settar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Kópavogur, 27. apríl 2011.

**Deloitte hf.**



Sigurður Páll Hauksson  
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

## Um Íslenska lífeyrissjóðinn

Íslenski lífeyrissjóðurinn var stofnaður í júní 1990 og staðfesti Fjármálaráðuneytið samþykktir sjóðsins þann tuttugasta þess mánaðar. Tilgangur sjóðsins, samkvæmt 2. gr. samþykktta, er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja þeim og erfingjum þeirra lífeyri.

Á sjóðfélagafundi 30. júní 1998 var samþykkt að breyta Íslenska lífeyrissjóðnum í alhliða lífeyrissjóð samkvæmt ákvæðum laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Fjármálaráðuneytið veitti sjóðnum síðan leyfi til starfrækslu lífeyrissjóðs 20. október 1999.

Starfsemin á nýliðnu ári fólst í að taka við iðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta þau í samræmi við lög um lífeyrissjóði, samþykktir og fjárfestingastefnu sjóðsins.

### Hér fer á eftir nafnávöxtun sjóðsins.

	2010	2009	2008	2007	2006
Líf I	13,4%	16,2%	-22,5%	8,1%	20,4%
Líf II	11,8%	15,1%	-20,7%	8,0%	19,4%
Líf III	11,7%	13,7%	-19,7%	9,4%	14,5%
Líf IV	11,6%	12,1%	-19,2%	14,2%	11,8%
Samtrygging	7,4%	11,7%	-18,4%	7,7%	19,6%

## Yfirlit yfir árið 2010

Í lok árs 2010 voru sjóðfélagar 27.684 talsins, samanborið við 28.709 í ársbyrjun. Virkir sjóðfélagar í árslok 2009, þ.e. einstaklingar sem greiddu iðgjöld á árinu, voru 10.564 og lífeyrisþegar voru 529 talsins. Til samanburðar voru virkir sjóðfélagar 12.491 í upphafi/lok árs 2009 og lífeyrisþegar 990. Á árinu voru 3.593 sjóðfélagar með sérstaka útgreiðslu á séreignarsparnaði. Í árslok var stærð sjóðsins 30.663.756.766 kr., sem er um 17,2% stækkun á árinu.

Á árinu 2010 var enginn starfsmaður hjá sjóðnum, en samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og Landsbankans sér bankinn um rekstur sjóðsins. Sjóðurinn greiddi Landsbankanum 27,7 m.kr. í fasta þóknun vegna reksturs sjóðsins á árinu. Vegna góðs árangurs í eignastýringu sjóðsins greiddi hann rúmlega 94 m.kr. í árangurstengda þóknun. Þóknun Landsbankans nemur 0,44% af meðalstærð sjóðsins á árinu.

Í árslok 2010 sagði Landsbankinn upp rekstrarsamningnum við Íslenska lífeyrissjóðinn með 12 mánaða fyrirvara og óskaði jafnframt eftir viðræðum að nýjum rekstrarsamningi sem tæki mið af breyttu rekstrarumhverfi. Frá áramótum hefur verið unnið að nýjum rekstrarsamningi sem liggur nú fyrir.

Árið 2010 var sjóðnum mjög hagstætt og var ávöxtun hans talsvert yfir þeim viðmiðum sem sjóðurinn miðar við í fjárfestingarstefnu. Þessi niðurstaða er ánægjuleg og langtum betri en stjórnin hafði búist við þegar lögð voru drög að fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2010.

Helsta skýringin á góðri ávöxtun sjóðsins var hagstæð ávöxtun ríkistryggðra skuldabréfa. Lækkandi stýrivextir og lækkandi verðbólga á síðasta ári stuðluðu að lækkandi ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa sem skilaði sér í ávöxtun sjóðsins.

Síðustu tvö árin hefur markvisst verið unnið að því að minnka vægi innlána og eigna sem óvissa er um virði. Á móti hefur verið aukið vægi trausta skuldabréfa og hlutabréfa í eignasafni sjóðsins. Þannig var langstærsti hluti eigna sjóðsins í ríkisskuldabréfum um síðustu áramót.

Í maí á síðasta ári gerði Íslenski lífeyrissjóðurinn ásamt öðrum lífeyrissjóðum samkomulag um að kaupa íbúðabréf af Seðlabanka Íslands og greiddi fyrir það í erlendum gjaldeyri. Þau viðskipti voru síðan afgreidd í nóvember á síðasta ári. Þessi viðskipti voru mjög hagfelld fyrir sjóðinn og bókaðist talsverður hagnaður fyrir séreignardeildir hans. Fyrir Samtryggingardeildina batnaði tryggingarfræðileg staða sjóðsins nokkuð.



# Skýrsla stjórnar

---

Ávöxtun erlendra eigna sjóðsins var lítil og vegur þar þungt tæplega 11% styrking íslensku krónunnar, en sökum gjaldeyrishafta getur sjóðurinn ekki gert framvirka samninga og varið sig gegn gjaldeyrisáhættu.

Innlendur hlutabréfamarkaður hefur vaxið síðustu misseri en er samt enn lítill, a.m.k. miðað við hvernig hann var fyrir efnahagshrunið í október 2008. Miklar vonir eru bundnar við að viðskipti með hlutabréf í Kauphöll Íslands glæðist samhliða fjölgun skráðra félaga. Íslenski lífeyrissjóðurinn hefur jafnt og þétt aukið eignir sínar í innlendum hlutabréfum skráðum sem og óskráðum.

Tryggingarfræðileg staða Íslenska lífeyrissjóðsins var í lok árs jákvæð um 0,8% en samþykkt var á ársfundi sjóðsins árið 2010 að lækka réttindi sjóðfélaga í samtryggingunni um 10%.

Í mars 2009 var Íslenska lífeyrissjóðnum skipaður umsjónaraðili um leið og stjórn og framkvæmdastjóri sjóðsins voru sett af. Ástæðan var rannsókn sérstaks saksóknara á meintum brotum á fjárfestingarstefnu sjóðsins á fyrri hluta árs 2008. Núna, meira en tveimur árum síðar, hefur ekki komið nein niðurstaða í málefnum sjóðsins hjá sérstökum saksóknara. Stjórn sjóðsins hefur kannað réttarstöðu sjóðsins m.a. með kvörtun til Umboðsmanns Alþingis. Í svari hans kom m.a. fram að annmarkar hafi verið á meðferð málsins þegar sjóðnum var skipaður umsjónaraðili. Í kjölfarið hefur stjórnin látið kanna möguleika þess að krefjast bóta vegna þess tjóns sem sjóðurinn varð fyrir, m.a. vegna greiðslna til umsjónaraðila sjóðsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. apríl 2011

## Stjórn

  
Jón Snorri Snorrason

  
Atli Atlason

  
Jón Eðvald Malmquist

  
Þórir Óskarsson

## Framkvæmdastjóri

  
Tryggvi Guðbrandsson

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2010

	Skýr.	2010	2009
<b>Iðgjöld</b>			
Iðgjöld sjóðfélaga .....		1.388.052.686	1.751.300.311
Iðgjöld launagreiðenda .....		1.669.662.789	1.969.785.237
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....		290.722.702	(3.985.514.315)
Framlag ríkisins til jöfnunar örorkubyrði .....		18.937.313	0
		<u>3.367.375.490</u>	<u>(264.428.767)</u>
<b>Lífeyrir</b>			
Lífeyrir .....	3	2.016.688.380	4.027.463.123
Tryggingakostnaður .....		37.670	(2.328.117)
		<u>2.016.726.050</u>	<u>4.025.135.006</u>
<b>Fjárfestingartekjur</b>			
Tekjur af eignarhlutum .....		2.179.243	335.171
Vaxtatekjur og gengismunur .....	4	3.256.172.588	3.598.647.769
Breytingar á niðurfærslu eigna .....		32.592.158	(24.344.132)
		<u>3.290.943.989</u>	<u>3.574.638.808</u>
<b>Fjárfestingargjöld</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	5	40.613.166	8.515.104
Vaxtagjöld .....		6.465.571	7.817.458
		<u>47.078.737</u>	<u>16.332.562</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	5	95.719.666	38.337.647
		<u>95.719.666</u>	<u>38.337.647</u>
<b>(Lækkun) hækkun á hreinni eign á árinu .....</b>		4.498.795.026	(769.595.174)
<b>Hrein eign frá fyrra ári .....</b>		<u>26.164.961.740</u>	<u>26.934.556.915</u>
<b>Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris .....</b>		<u>30.663.756.766</u>	<u>26.164.961.741</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2010

Eignir	Skýr.	31.12.2010	31.12.2009
<b>Fjárfestingar</b>			
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	2,6	8.206.528.446	7.113.339.402
Verðbréf með föstum tekjum .....	2,7	15.547.942.448	10.233.152.944
Bankainnstæður .....		2.222.971.529	4.272.584.035
		<u>25.977.442.423</u>	<u>21.619.076.381</u>
<b>Kröfur</b>			
Kröfur á launagreiðendur .....	2	105.680.243	106.724.896
Aðrar kröfur .....	13	27.690.420	78.947.409
		<u>133.370.663</u>	<u>185.672.305</u>
<b>Aðrar eignir</b>			
Sjóður og veltinnlán .....		4.886.273.099	4.760.630.058
		<u>4.886.273.099</u>	<u>4.760.630.058</u>
<b>Eignir</b>		<u>30.997.086.185</u>	<u>26.565.378.744</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Skýr.</b>			
<b>31.12.2010</b>			
<b>31.12.2009</b>			
<b>Viðskiptaskuldir</b>			
Aðrar skuldir .....	14	258.735.812	344.872.405
		<u>258.735.812</u>	<u>344.872.405</u>
<b>Áfallinn kostnaður og fyrirfram innheimtar tekjur</b>			
Fyrirfram innheimtar tekjur .....		74.593.607	55.544.598
		<u>74.593.607</u>	<u>55.544.598</u>
<b>Skuldir</b>		<u>333.329.419</u>	<u>400.417.003</u>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris alls</b>		<u>30.663.756.766</u>	<u>26.164.961.741</u>
<b>Greining á hreinni eign á deildir</b>			
Líf I .....		10.876.670.162	10.081.266.089
Líf II .....		7.344.491.467	6.461.288.908
Líf III .....		4.904.142.731	4.105.726.788
Líf IV .....		3.270.011.813	2.072.427.932
Samtrygging .....		4.268.440.593	3.444.252.024
		<u>30.663.756.766</u>	<u>26.164.961.741</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2010

	2010	2009
<b>Inngreiðslur</b>		
Iðgjöld .....	3.346.437.180	(232.927.639)
Fjárfestingartekjur .....	1.188.787.276	1.804.233.561
Afborganir verðbréfa .....	1.780.693.936	1.248.279.213
Seld verðbréf með breytilegum tekjum .....	3.074.859.355	11.605.846.470
Seld verðbréf með föstum tekjum .....	3.150.916.843	4.330.061.030
Aðrar inngreiðslur .....	288.681.396	275.789.515
	<u>12.830.375.986</u>	<u>19.031.282.150</u>
<b>Útgreiðslur</b>		
Lífeyrir .....	2.161.642.529	3.774.223.367
Fjárfestingargjöld .....	75.947.775	7.785.653
Rekstrarkostnaður án afskrifta .....	38.441.987	47.212.234
Aðrar útgreiðslur .....	197.133.416	(11.368.303)
	<u>2.473.165.707</u>	<u>3.817.852.951</u>
<b>Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu .....</b>	<u>10.357.210.279</u>	<u>15.213.429.199</u>
<b>Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting</b>		
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum .....	3.593.686.047	3.766.124.227
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum .....	8.687.493.698	14.338.813.358
Lækkun á bankainnstæðum .....	(2.049.612.506)	(2.710.936.142)
	<u>10.231.567.239</u>	<u>15.394.001.443</u>
<b>Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánum .....</b>	125.643.041	(180.572.244)
<b>Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun .....</b>	<u>4.760.630.058</u>	<u>4.941.202.302</u>
<b>Sjóður og veltiinnlán í árslok .....</b>	<u>4.886.273.099</u>	<u>4.760.630.058</u>



## 1. Starfsemi

Íslenski lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Lífeyrissjóðurinn er aldurstengdur sjóður sem rekur bæði séreignadeild og samtryggingardeild.

### Samtrygging

Lífeyrissjóðurinn veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum laganna. Frjáls aðild er að lífeyrissjóðnum og hafa allir þeir sem ekki er skylt að greiða lágmarksiðgjald til annars lífeyrissjóðs heimild að greiða í þennan sjóð. Samtryggingadeild fylgir sömu fjárfestingastefnu og Líf II.

### Séreign

Lífeyrissjóðurinn tekur við viðbótariðgjöldum sjóðfélaga. Sjóðfélögum í lífeyrissjóðnum ásamt öðrum sem þess óska er frjálst að greiða viðbótariðgjöld í séreignasjóðinn. Séreignasjóðurinn býður upp á fjórar ávöxtunarleiðir með mismunandi ávöxtun og áhættu.

#### Líf I

Líf I stefnir að góðri langtímaávöxtun en sveiflur í ávöxtun geta orðið nokkrar yfir skemmra tímabil. Fjárfestingarstefnan mótast af því að leyfilegt er að nýta fjölbreytt tækifæri sem bjóðast á mörkuðum. Stefnt er að því að fjárfesta 15% af eignum í innlánnum innlánsstofnana, 60% í innlendum skuldabréfum, 17,5% í hlutabréfum og 7,5% í framsæknum fjárfestingum. Deildin hentar þeim sem eiga eftir 20 ár eða meira af söfnunartíma sínum.

#### Líf II

Líf II er ætluð þeim sem kjósa að taka hóflega áhættu með lífeyrissparnað sinn og ná þannig betri ávöxtun til lengri tíma. Stefnt er að því að fjárfesta 17,5% af eignum í innlánnum innlánsstofnana, 65% í innlendum skuldabréfum, 10% í hlutabréfum 7,5% í framsæknum fjárfestingum. Deildin hentar þeim sem eiga eftir a.m.k. 8-10 ár af söfnunartíma sínum.

#### Líf III

Líf III er ætluð þeim sem vilja stöðuga ávöxtun sem sveiflast lítið. Stefnt er að því að fjárfesta 20% af eignum í innlánnum innlánsstofnana, 70% í innlendum skuldabréfum, 5% í hlutabréfum, 5% í framsæknum fjárfestingum. Deildin hentar þeim sem eiga fá ár eftir af söfnunartíma sínum eða eru komnir á eftirlaun.

#### Líf IV

Líf IV er ætluð fyrir þá sem nálgast töku lífeyris eða eru nú þegar farnir að taka út lífeyri. Stefnt er að því að fjárfesta 100% af eignum sjóðsins í skuldabréfum með ábyrgð ríkisins.

### Lífeyrisréttindi

Með iðgjaldagreiðslum til öflunar lífeyrisréttinda í samtryggingu ávinnur sjóðfélagi sér og maka sínum og börnum eftir því sem við á rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris og maka- og barnalífeyris. Réttur til töku ellilífeyris hefst þegar sjóðfélagi er orðinn 70 ára. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira og leitt hefur til tekjuskerðingar. Andist sjóðfélagi, eiga eftirlifandi maki og börn rétt á lífeyri úr sjóðnum. Í samþykktum sjóðsins er kveðið nánar á um ávinnslu réttinda en hún er aldurstengd. Lífeyrissjóðurinn ábyrgist lífeyrisskuldbindingar sínar í samtryggingu með eignum sínum. Áregra er gerð tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins og getur hún haft áhrif á lífeyrisréttindi, því sjóðnum er skylt að auka eða skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga fari munur milli eigna og lífeyrisskuldbindinga sjóðsins fram yfir tiltekin mörk.

# Skýringar

## 1. Starfsemi (framhald)

### Lífeyrisréttindi

Lífeyrisréttindi í séreignasjóðnum miðast við innborguð iðgjöld réttthafa ásamt þeirri hreinu ávöxtun sem fengist hefur á iðgjöldin. Heimilt er að hefja töku séreignarsparnaðar þegar réttthafi er orðinn 60 ára, en þó ekki fyrir en tveimur árum eftir fyrstu greiðlu iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda í séreign.

### Útgreiðsluleiðir

Lífeyrissjóðurinn hefur, frá því að hann fékk starfsleyfi, boðið fjóra kosti (leið I-IV) við öflun lágmarkstryggingaverndar og hafa sjóðfélagar getað valið milli þessara kosta við inngöngu í sjóðinn. Ef sjóðfélagi velur sér ekki ákveðna leið er hann sjálfkrafa settur í leið I.

Frá og með 15. maí 2003 hafa sjóðfélagar eingöngu getað valið milli leiða I og III við inngöngu í sjóðinn. Þeir sjóðfélagar sem höfðu valið leið II eða IV, fyrir 15. maí 2003, geta þó haldið áfram að greiða til sjóðsins samkvæmt þeim leiðum.

Munur leiðanna liggur í því hvernig lögbundið iðgjald sjóðfélaga skiptist á milli samtryggingar, bundinnar séreignar og frjálsrar séreignar. Allt iðgjald umfram lögbundið lágmarksiðgjald fer í séreign. Frjáls séreign er laus til útborgunar frá 60 ára aldri. Bundin séreign er laus til útborgunar frá 70 ára aldri og greiðist með jöfnum greiðslum til þess tíma er greiðslur úr samtryggingu hefjast. Val útgreiðsluleiðar ræður því hvenær greiðslur úr samtryggingu hefjast. Frjáls séreign og bundin séreign eru að fullu eign sjóðfélagans og erfist samkvæmt erfðalögum. Greiðsla lífeyris úr samtryggingu hefst við 70 ára aldur, eða síðar, eftir því hvaða útgreiðsluleið er valin, og greiðist til æviloka. Samtryggingin tryggir sjóðfélögum ævilífeyri, örorkulífeyri, makalífeyri og barnalífeyri samkvæmt samþykktum sjóðsins.

### Starfræksla sjóðsins

Landsbankinn annast starfrækslu lífeyrissjóðsins samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og bankans. Skrifstofa sjóðsins er að Austurstræti 11, 101 Reykjavík.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og lög um ársreikninga. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

### Gjaldmiðlar og vísitölur

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2010	2009	31.12.2010	31.12.2009
Evra ( EUR ).....	161,89	172,67	153,37	179,38
Bandaríkjadalur ( USD ).....	122,04	123,59	114,78	124,60
Sterlingspund ( GBP ).....	188,55	193,89	178,04	201,11
Japanskt jen ( JPY ).....	1,3900	1,3246	1,4102	1,3477

### Áhættustjórnun

Engir framvirkir gjaldmiðlasamningar við lánastofnanir eru í gangi hjá sjóðnum í árslok 2010.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Skráning iðgjalda

Iðgjöld eru tekjufærð þegar iðgjaldaskilagreinar berast sjóðnum. Í árslok er einnig áætlað vegna ótilkyntra iðgjalda í samtryggingardeild. Óinnheimt iðgjöld í árslok, bæði tilkynnt og ótilkynnt, eru eignfærðsem kröfur á launagreiðendur í efnahagsreikningi.

Sjóðfélagar greiða iðgjöld inn á sameiginlegan iðgjaldareikning lífeyrissjóðsins óháð því í hvaða deild þeir greiða. Þegar skilagreinar hafa borist sjóðnum eru fjárhæðir millifærðar af þessum iðgjaldareikningi inn á réttar deildir. Í lok árs 2010 er staðan á iðgjaldareikningi sjóðsins um 74,6 milljónir króna og er hún færð til skuldar í efnahagsreikningi meðal fyrirfram innheimtra tekna.

### Lífeyrir

Lífeyrir er gjaldfærður þegar hann er greiddur til lífeyrisþega.

### Skráning tekna

Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga á gengi bréffanna og gengi íslensku krónunnar.

Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánunum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og bankainnstæðum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðum og breytingar á gengi innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

### Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaðeftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

### Verðbréf

Verðbréfaeign sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru eftirfarandi:

Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum eða verðbréf sem háð eru afkomu útgefanda. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Óskráðbréf eru metin á kaupverði eða áætluðu markaðsverði hvort sem lægra er.

Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum í séreign eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það er talið nauðsynlegt til að tryggja réttláta skiptingu ávöxtunar sjóðsins milli rétthafa hans. Verðbréf með föstum tekjum í samtryggingu eru eignfærðá kaupávöxtunarkröfu.

Vegna þeirrar áhættu sem tengd er verðbréfaeign eru verðbréf færð niður í ársreikningnum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur sem færður er til frádráttar verðbréfaeign í efnahagsreikningi.



# Skýringar

## 3. Lífeyrir

Lífeyrir greinist þannig:

	Líf I	Líf II	Líf III	Líf IV	Samtrygging
Ellilífeyrir .....	8.757.676	11.909.451	104.941.727	137.799.116	5.261.125
Fyrirframgreiðsla séreignarsparnaðar.....	980.615.709	414.358.910	117.411.674	129.017.456	0
Örorkulífeyrir .....	1.674.301	1.198.912	2.892.459	10.031	26.464.893
Makalífeyrir .....	12.919.145	9.036.147	9.220.495	6.675.984	2.203.400
Barnalífeyrir .....	23.919.333	2.707.178	3.149.712	4.543.546	0
	1.027.886.164	439.210.598	237.616.067	278.046.133	33.929.418
Framlag upp í örorkulífeyrir skv. örorkusamkomulagi lífeyrissjóð.....					37.670
	1.027.886.164	439.210.598	237.616.067	278.046.133	33.967.088

## 4. Vaxtatekjur og gengismunur

Vaxtatekjur og gengismunur greinist þannig:

	2010	2009
Af verðbréfum með breytilegum tekjum.....	557.203.622	1.543.768.621
Af verðbréfum með föstum tekjum.....	2.165.442.240	825.627.229
Af bankainnstæðum.....	533.526.726	1.229.251.919
	3.256.172.588	3.598.647.769

## 5. Rekstrargjöld

Hjá lífeyrissjóðnum starfar enginn starfsmaður en samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og Landsbankans annast bankinn starfrækslu sjóðsins. Bankinn greiðir laun stjórnar og eru þau innifalin í þöknun sjóðsins til hans.

Laun og tengd gjöld til stjórnar sjóðsins sundurliðast þannig:

	2010	2009
Brynjar Þór Guðmundsson, stjórnarformaður.....	855.000	90.000
Ingólfur Guðmundsson.....	0	100.000
Helgi Magnússon.....	0	100.000
Jón Snorri Snorrason.....	697.500	415.000
Kristín Jóhannesdóttir.....	0	100.000
Þórhallur Haukur Reynisson.....	0	40.000
Örnólfur Jónsson.....	0	100.000
Bragi Gunnarsson.....	540.000	90.000
Katrín Friðriksdóttir.....	0	225.000
Valdís Arnardóttir.....	0	225.000
Þórir Óskarsson.....	540.000	90.000
Atli Atlason.....	225.000	0
Jón Eðvald Malmquist.....	45.000	0
Sigríður Hanna Jóhannesdóttir.....	20.000	0
Mótframlag í lífeyrissjóð og tryggingagjald.....	550.522	233.777
	3.473.022	1.808.777

Endurskoðunarnefnd sjóðsins skipa Jón Snorri Snorrason, Þorsteinn Frímann Sigurðsson og Þórir Óskarsson. Laun endurskoðunarnefndar á tímabilinu námu alls 252 þúsundum króna.



## 5. Rekstrargjöld (framhald)

Bankinn greiðir endurskoðunarkostnað sjóðsins og er hann innifalinn í þóknun sjóðsins til hans.

### Þóknun til endurskoðenda sundurliðast þannig:

	2010	2009
Endurskoðun ársreiknings.....	5.715.634	3.702.933
Tæknileg aðstoð við gerð ársreiknings.....	1.167.406	1.417.830
Könnuð árshlutauppgjör.....	3.891.397	3.375.184
Önnur sérfræðipjónusta .....	69.650	2.322.302
	<b>10.844.087</b>	<b>10.818.249</b>

### Fjárfestingagjöld sundurliðast þannig:

	2010	2009
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður:		
Reiknaður umsýslu- og stjórnunarkostnaður.....	9.277.437	8.515.104
Árangurstengd umsýsla.....	31.335.729	0
	<b>40.613.166</b>	<b>8.515.104</b>

### Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:

	2010	2009
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður:		
Reiknaður umsýslu- og stjórnunarkostnaður.....	18.554.874	17.030.211
Árangurstengd umsýsla.....	62.671.460	0
Endurskoðun.....	0	1.488.657
Fjármálaeftirlitið.....	5.196.000	4.798.000
Lagt í bundna séreign vegna örorku.....	5.912.947	5.131.374
Tryggingastærðfræðingur.....	601.765	2.315.700
Landsamtök lífeyrissjóða.....	561.443	581.196
Umsjónaraðili.....	0	5.702.412
Starfsábyrgðartrygging.....	509.230	0
Lögfræðikostnaður.....	1.604.947	350.100
Ýmis kostnaður.....	107.000	939.997
	<b>95.719.666</b>	<b>38.337.647</b>

Umsýsluþóknun Íslenska lífeyrissjóðsins til Landsbankans er 0,1% af meðalstöðu hreinnar eignar yfir árið. Því til viðbótar reiknast árangurstengd þóknun ef ávöxtun eigna sjóðsins fer umfram þar viðmiðunarvísitölur sem fjárfestingastefna sjóðsins tekur mið af.

Árangurstengd þóknun er 20% af ávöxtun umfram viðmið sjóðsins. Samanlögð þóknun getur þó ekki farið umfram 0,5% af eignum. Árangurstengd þóknun er reiknuð sérstaklega fyrir samtryggingardæildina og hverja leiðlífsbrautarinnar. Árangurstengd þóknun reiknast af jákvæði jafnt sem neikvæðri ávöxtun.

Til þess að Landsbankinn fái aukna umsýsluþóknun í formi árangurstengdrar umsýsluþóknunar þarf ávöxtun eigna Íslenska lífeyrissjóðsins að ganga mjög vel. Árangurinn þarf að vera betri en meðaltalsbreyting á þeim mörkuðum sem hann er að fjárfesta á. Auk þess þarf sjóðurinn að vinna upp þann viðskiptakostnað sem leggst til við eignastýringu sjóðsins.

### Viðmiðunarvísitölur:

- **Íslensk skuldabréf** - Skuldabréfavísitölur Kauphallar Íslands, í samræmi við fjárfestingastefnu sjóðsins.
- **Erlend hlutabréf og skuldabréf** - Alþjóðlegar hlutabréfa- og skuldabréfavísitölur, í samræmi við fjárfestingastefnu sjóðsins.

Vegna ársins 2010 mun Íslenski lífeyrissjóðurinn greiða 94 milljónir í árangurstengda þóknun til Landsbankans.

# Skýringar

## 6. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:	2010
Eignarhlutar í innlendum hlutafélögum .....	385.139.224
Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum .....	5.559.630.061
Framsæknaðar fjárfestingar.....	1.031.311.915
Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum .....	1.230.447.246
	<u>8.206.528.446</u>

### Eignarhlutar í innlendum félögum greinast þannig:

	Líf I	Líf II	Líf III	Líf IV	Samtrygging
<b>Skráð félög:</b>					
Marel Food Systems hf.....	190.194.600	60.147.300	25.100.000	0	36.515.800
Össur.....	22.330.000	14.819.000	9.744.000	0	8.932.000
Skráð félög alls .....	<u>212.524.600</u>	<u>74.966.300</u>	<u>34.844.000</u>	<u>0</u>	<u>45.447.800</u>
<b>Óskráð félög:</b>					
Eimskipafélag Íslands ehf.....	9.805.865	0	7.287.189	0	0
Atorka Group.....	232.328	0	0	0	0
Rekstrarf Framtakssj Íslands GP ehf.....	0	0	0	0	9.320
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða.....	6.765	10.256	4.801	0	0
Óskráð félög alls .....	<u>10.044.958</u>	<u>10.256</u>	<u>7.291.990</u>	<u>0</u>	<u>9.320</u>
Innlend félög alls .....	<u>222.569.558</u>	<u>74.976.556</u>	<u>42.135.990</u>	<u>0</u>	<u>45.457.120</u>
Hlutabréfacign alls .....	<u>222.569.558</u>	<u>74.976.556</u>	<u>42.135.990</u>	<u>0</u>	<u>45.457.120</u>

### Innlend hlutdeildarskírteini greinast þannig:

Innlendir skuldabréfasjóðir:	Líf I	Líf II	Líf III	Líf IV	Samtrygging
Markaðsbréf stutt .....	256.458.514	175.008.118	25.102.750	0	69.453.642
Markaðsbréf meðal .....	182.719.698	38.430.053	23.031.532	0	47.100.515
Markaðsbréf löng .....	228.688.998	156.880.661	76.239.841	0	32.604.033
Reiðubréf ríkikstrygð .....	0	0	0	101.178.209	0
Sparibréf stutt .....	116.470.000	114.740.906	139.764.000	39.715.464	58.010.649
Sparibréf meðallöng .....	0	0	0	163.067.715	0
Sparibréf löng .....	130.137.470	65.068.572	140.982.286	280.295.408	108.447.838
Sparibréf óverðtrygð .....	49.094.673	38.184.673	32.729.673	21.819.673	82.747.984
Sparibréf verðtrygð .....	149.108.719	104.704.610	75.258.390	21.195.682	80.087.834
Fyrirtækjabréf L.Í. ....	402.905.592	306.385.467	295.927.613	0	80.235.159
Skuldabréfasjóðir alls.....	<u>1.515.583.664</u>	<u>999.403.060</u>	<u>809.036.085</u>	<u>627.272.151</u>	<u>558.687.654</u>
<b>Innlendir hlutabréfasjóðir:</b>					
Úrvalsbréf .....	126.867.550	41.903.536	20.951.458	0	21.253.953
Landsbanki Global Equity Fund .....	338.540.997	117.628.745	45.638.847	0	162.225.067
Landsbanki nordic 40 .....	97.983.244	41.686.617	12.233.517	0	12.863.916
Framtakssjóður Íslands .....	0	0	0	0	9.870.000
Hlutabréfasjóðir alls.....	<u>563.391.791</u>	<u>201.218.898</u>	<u>78.823.822</u>	<u>0</u>	<u>206.212.936</u>
Innlendir hlutdeildarskírteini alls.....	<u>2.078.975.455</u>	<u>1.200.621.958</u>	<u>887.859.907</u>	<u>627.272.151</u>	<u>764.900.590</u>

# Skýringar

## 6. Verðbréf með breytilegum tekjum (framhald)

### Framsæknaðar fjárfestingar greinast þannig:

